# Möggúhús á Munkaþverá í Eyjafirði.




Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá
2016-2018

# Möggukús á Munkaþverá

Skýringar á fyjálslegri grunnteikningu af íbúðinni þar sem herbergjaskipun er merkt með tölustöfum og innbúið (bæði laus og veggföst húsgögn) merkt með bókstöfum frá A til Ö. Staðsetning húsgagnanna var ekki fast niðurnjörfuð, en á uppdrættinum sýni ég hana einsog ég man best.

1. Inngangur í húsið. Dyr inn á mjóan gang á jarðhæðinni
A. lítill skápur (gamall skipsservantur) með tveimur hillum
Hann var notaður sem einskonar kæliskápur fyrir mat.

2. Stigapallur og tréstigi sem liggur upp á efri hæðina

3. Gangur með viðargólfi og blámáluðum panelveggjum.
4. Undir gluggunum sem snýr í norður stóð gamall býsna stór skipsservantur J, þar sem ýmislegt eldhúsdót var geymt.

4. Stofa, með viðargólfi, veggfóðruð og með hvítmáluðu lofti. Nokkuð stór gluggi er á suðurvegg. Í miðju lofti hangir stór vegleg ljósakróna með fjórum ljósaperum.
C. rúmfatakassi sem stundum var notaður sem borð. M1 og M2 legubekkir (dívanar) með handofnum ábreiðum.

N borðstofuborð með tveimur skúffum undir borðplötunni og nokkuð gildum renndum fótum.

O borðstofustólar úr eik með vínrauðu flauelsáklæði.

Q stofuorgel málað svarbrúnt. Með tveimur áföstum gylltum kertastjökum.

R kringlótt gljálakkað dökkbrúnt borð á þremur renndum fótum.

Z svefnstóll með brenndökkuðum fótum og örmum og rósóttu „göbelín"ofnu áklæði. Hægt var að draga sætið út og þá var komið rúm.

K kommóða með fjórum skúffum. Á henni var handofinn refill úr ullarbandi. Margar fjölskyldumyndir stóðu á kommóðunni Á veggnum yfir kommóðunni hékk stór vegleg útskorin klukka. Sitt hvoru megin við klukkuna héngu margar fjölskyldumyndir, sumar stórar í útskornum römmum.

Z miðstöðvarofn. Allir miðstöðvarofnarnir í íbúðinni eru silfurlitir (bronsaðir) Enn þann dag í dag líta þeir ótrúlega vel út. Kringlótt skífa er undir handfangi hvers ofns og á henni er greypt letur „Kaupfélag Eyfirðinga".

M1 legubekkur (dívan)

M2 legubekkur (dívan)

## 5. Svefnherbergi Möggu, með glugga á suðurvegg.

Z miðstöðvarofn.
X innbyggður djúpur fataskápur með hillum að neðan.
Y lítill gamall skápur og ofan á honum lítil tveggja skúffu kommóða.
K vandað koffort með hólfi í loki. Á því stóð saumavél Möggu. (Smíði J. Jóh.)
L hár skápur með efri og neðri hurð. Smíði J. Jóh. (Eign Minjasafns Akureyrar)
K1 kommóða Möggu.
P hægindastóll stoppaður með tágafatur og tágum á örmum.
S1 tvíbreitt rúm Möggu (hægt að draga það í sundur. (Smíði J. Jóh.)
N borð úr ljósum viði á fjórum renndum fótum. Undir borðplötunni eru tvær skúffur. (Smíði J. Jóh.)
Ö tréstóll úr brúnum viði með pílárum í baki.
M legubekkur (dívan).
T bókahilla á vegg.

## 6. Eldhús með glugga á norðurvegg.

A stálvaskur greyptur í viðarskáp með hurð að framan. Í vaskaskápnum var ruslafatan geymd og einnig baukar með grænsápu og öðru hreinlætisefni. Yfir vaskanum hékk spegill.
B stólkollur sem hægt var að sitja á þegar maður var að þvo sér við vaskann.
D eldhúsborðið. Á því var vaxdúkur með blómamunstri.
E eldhússtólarnir þeir voru úr tré flestir ómálaðir, sumir baklausir kollar.
C koffort sem notað var sem sæti, líka notað sem geymslustaður fyrir allskonar eldhúsdót.
F veggfastur skúffuskápur, oftast kallaður eldhúsbekkurinn. Einsog í fyrra eldhúsi okkar var þessi svokallaði bekkur aðalvinnuborðið við matreiðsluna. Einnig voru diskar, bollar, hnífapör og ýmis önnur matarílát, alltaf þvegin upp úr stóru emaleruðu fati á eldhúsbekknum. Eldhúsbekkurinn í Mögguseldhúsi var brúnmálaður og ofan á honum var þykkur brúnleitur línoleumdúkur. Bekkurinn er með níu skúffum í miðjunni að neðan og skápum í báðum hornum með einni hillu í hvorum skáp. Í skúffunum var ýmiskonar matvara geymd en í hornskápum frekar smærri heimilisáhöld einsog hrærivél úr stáli frá 1957, búrvigt og fleira.
G veggskápur sem nær alveg upp í loft, með mörgum hillum. Í honum var leirtauið geymt, hversdagsdiskar, bollar, glös og fleira í neðstu hillunum, en sparistellið, dýrmatar skálar o.fl. í þeim efstu
H borð með tveimur rafmagnsplötum
I lítið borð fyrir bakarofninn (gamla svarta)
C gamalt koffort. Fyrir ofan það hékk stórt handklæðabretti, rósamálað Annað minna veggbretti hékk á veggnum til hægri. Þar voru hengdar diskaþurrkur og fleira

7 <u>Kompan</u>, lítið svefnherbergi með glugga á norðurvegg.

S2 tvíbreitt rúm
X miðstöðvarofn
U koffort, rauðmálað með flötu loki
D lítið borð
⊙ stóll

8 <u>Stigi</u> (mjór) upp á háaloftið. Á háaloftinu er þakgluggi